

Samantekt um íbúasamráð um endurskoðun menningarstefnu Kópavogs




Samantekt: Aino Freyja Jarvela, forstöðumaður Salarins, og Sigrún María Kristinsdóttir, verkefnastjóri
íbúatengsla í Kópavogi

Dagsett: 28.04.2022.



Um samráðsgáttina

Samráðsgáttin var opnuð á Betra Ísland-síðunni þann 8 apríl 2022 og var opin til 26. apríl sama ár, sjá mynd 1.



Mynd 1 Forsíða samráðsgáttar um nýja menntastefnu Kópavogs.

Þar voru allar þrjár stefnuáherslur stefnunnar settar inn og meginmarkmiðin sett undir hverja stefnuáherslu. Fólk var beðið um að koma með tillögur að aðgerðum og útfærslum við hvert undirmarkmið fyrir sig.

Þátttakendur

Gáttin var takmörkuð við íbúa Kópavogs og farið fram á innskráningu með rafrænum skilríkjum.



Mynd 2. Alls voru það 40 manns sem settu inn hugmynd eða skrifuðu eitthvað á síðuna, eða settu hjarta við hugmynd.

Á mynd 2, sem tekin er af Betra Ísland síðu hugmyndasöfnunarinnar, sést að samtals 40 manns skrifuðu eitthvað á síðuna eða merktu við hjarta við meginmarkmið eða hugmyndir annarra að útfærslum. Samkvæmt Google Analytics skráðu 40 einstaklingar sig inn með rafrænum skilríkjum.



Niðurstöður samráðsins

Alls bárust samtals 14 tillögur að útfærslum markmiðanna. Allar tillögurnar er að finna hér að neðan, undir yfirskriftum hvers meginmarkmiðs fyrir sig.

Stefnuáhersla 1. Menning fyrir alla

Kópavogsbær leggur áherslu á að menningarstarf sé aðgengilegt öllum bæjarbúum.

M.1.1 Frjór og skapandi vettvangur

Markmiðið er að skapa frjóan og eftirsóknarverðan vettvang fyrir listamenn og aðra sem starfa við menningu, vísindi og listir.

Frjór og skapandi vettvangur	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	18	0

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Áhugamanna leikhús í Hamraborgina. Í gamla félagsheimilinu, sem nú stendur til að rífa af hálfu Kópavogsbæjar, var aðstaða til að flytja hin ýmsu leikverk og í kring um það var leikhópur starfandi. Það þarf að koma aftur lifandi menning í miðbæinn okkar og tilvalið að viðhalda leikhúsinu gangandi í Hamraborg. Hafnarfjörður, Mosó og fleiri sveitarfélög eru að reka sambærilegt leikhús í sínum miðbæ og hvervegna ekk næst stærsta bæjafélagið á höfuðborgarsvæðinu ?	8	1
2	Gerðarsafn haldi fleiri metnaðarfullar erlendar sýningar með þekktum listamönnum eða hópum hvaðanæfa úr heiminum. Langt er síðan t.d. japanskar sýningar hafa verið á Gerðarsafni. Þekki til þess að japanskir menningarsjóðir styrkja oft myndlistarsýningar sem fara um Evrópu/heiminn.	2	0

M.1.2. Samtal við íbúa

Markmiðið er að eiga samtal við íbúa um menningarmál.

Samtal við íbúa	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	14	1

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Kópavogsbær haldi sumardaginn fyrsta alltaf hátíðlegan fyrir íbúa á öllum aldri. Vera með viðburði víða um bæinn skemmtiatriði, og ýmsa viðburði. Nýta t.d. félagsmiðstöðvar eins og Gullsmára og Gjábakka til að hvetja fólk til að nýta sér starfsemi sem er í boði fyrir eldra fólk í bænum. Dagskrá fyrir ungafólkið t.d. í Kórnum og/eða Fífunni osfv. Það var ömurleg ákvörðun að sleppa því að halda uppá sumardaginn fyrsta 2022.	0	0



Samantekt um samráðsgátt íbúa um endurskoðun menningarstefnu Kópavogs

M.1.3 Menningarfræðsla

Stefnt er að því að standa fyrir metnaðarfullri menningarfræðslu sem höfðar til ólíkra hópa.

Menningarfræðsla	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	13	2

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Í hverri viku sé fræðsla sem er ætluð ákveðnum aldurshópum á söfnum bæjarins - aldursbil myndu vita hvenær viðkomandi fræðsla ætti að eiga sér stað... eldri borgarar alltaf í fyrstu viku osfrv... og þema í hverjum mánuði... fólk á að mæta á söfnin - samvera og fræðsla...	0	0

M.1.4 Menning í öll hverfi

Stuðlað verði að menningarstarfi í hverfum bæjarins.

Menning í öll hverfi	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	16	2

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Það komi bókasafn í efstu byggðir bæjarins, þ.e. Kórahverfi, Þing, og Hvörf.	1	0
2	Bókasafn og menningarmiðstöð hér í efstu byggðir, Hvörf - Þing - Kóra	0	0

M.1.5 Þátttaka í menningu

Stefnt er að því að efla þátttöku og framlag sem flestra í menningarstarfi.

Þátttaka í menningu	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	13	1

Engin innsend skoðun.

M.1.6 Börn og ungmenni

Börnum og ungmennum verða veitt tækifæri á að skapa, miðla og upplifa menningu á eigin forsendum.

Börn og ungmenni	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	18	0



Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Það séu opnar Smiðjur til sköpunar í öllum söfnum bæjarins - við eigum að geta tjáð okkur óhindrað... hægt er að hafa móttökustöð fyrir hráefni - t.d. pappa, spýtur ofl... og endurnýta þannig. Smiðja þarf í raun bara lím, eða eitthvað til að festa saman... nagla oph... liti, málningu, garn... :-)	3	0
2	Þá væri gott að hafa bókasafn og menningarmiðstöð hér í efri byggðum	1	0

Stefnuáhersla 2. Faglegt starf

Kópavogsbær stendur vörð um sérstöðu og faglegt starf menningarhúsa bæjarfélagsins.

M.2.1 Faglegir viðburðir

Boðið sé upp á lifandi menningarstarf og viðburði sem byggja á faglegum grunni.

Faglegir viðburðir	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	12	0

Engin innsend skoðun.

M.2.2 Alþjóðlegt samstarf

Þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði menningar, vísinda og lista.

Alþjóðlegt samstarf	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	9	1

Engin innsend skoðun.

M.2.3 Síðbreytilegt umhverfi

Menningarhúsin bregðist við síðbreytilegu umhverfi og takist á við nýjar áskoranir hverju sinni.

Síðbreytilegt umhverfi	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	12	0

Engin innsend skoðun.



M.2.4 Þjónusta við gesti

Áhersla lögð á þjónustu við innlenda sem erlenda gesti.

Þjónusta við gesti	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	11	1

Engin innsend skoðun.

M.2.5 Betri opnunartími

Áhersla sé lögð á opnunartíma menningarhúsanna sem kemur til móts við þarfir íbúa.

Betri opnunartími	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	11	0

Engin innsend skoðun.

M.2.6 Umhverfi

Menningarhúsin leggi áherslu á sjálfbærni og umhverfisvernd.

Umfhverfi	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	9	1

Engin innsend skoðun.

Stefnuáhersla 3 Víðtækt samstarf

Kópavogsbær leggur áherslu á víðtækt samstarf við bæjarbúa, svið og deildir bæjarins og lista-, fræði- og vísindamenn úr ólíkum áttum.

M.3.1 Efla þverfaglegt samstarf

Markmiðið er að viðhalda og efla þverfaglegt samstarf milli menningarhúsanna.

Efla þverfaglegt samstarf	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	9	0

Engin innsend skoðun.



M.3.2 Samstarf

Leitað verði eftir samstarfi við listhópa, einstaklinga, hátíðir og stofnanir á innlendum sem alþjóðlegum vettvangi.

Samstarf	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	7	0

Engin innsend skoðun.

M.3.3 Skapandi starf og þátttaka

Stutt við og hvatt til skapandi og listrænnar starfsemi og þátttöku.

Skapandi starf og þátttaka	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	11	1

Engin innsend skoðun.

M.3.4 Samstarf við grunn- og leikskóla

Stefnt er að því að efla samstarf við grunnskóla og leikskóla.

Samstarf við grunn- og leikskóla	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	12	0

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Það vantar sárlega menningarmiðstöð og bókasafn hér í efri byggðir. Þó að leikskólarnir séu duglegir að fara í strætó í Hamraborgina þá væri afskaplega gott að hafa aðgengi að slíku hér uppfrá.	1	0
2	Hægt væri að efla samstarfið t.d. með viðburðum og sýningum sem sérstaklega væri sniðið að skólum.	0	0
3	Að opna bókasafn- og menningarhús á vatnsendasvæðinu, en þar eru m.a. fjölmargir leikskólar og stærsti skóli landsins. Í hverfinu býr mikið af börnum og ungmennum, því væri kjörið að skapa menningarlegan miðpunkt á svæðinu.	0	0

Engin innsend skoðun.

M.3.5 Útilistaverk

Stefnt að markvissri varðveislu og fjölgun útilistaverka í bænum.



Samantekt um samráðsgátt íbúa um endurskoðun menningarstefnu Kópavogs

Útilistaverk	Hjörtu – kjósa upp	Kjósa niður
	3	1

Skoðun íbúa		Örvar upp við innsenda skoðun	Örvar niður við innsenda skoðun
1	Hvert hverfi fái að minnsta kosti eitt útilistaverk	0	0
2	Koma fyrir útilistaverki í Hlíðargarði	0	0
3	Útsýnisskífu við Kópavogskirkju	0	0